

ABC barnahjálp

Ársskýrsla 2023



Efnisyfirlit

Frá framkvæmdastjóra.....	3
Bangladess.....	4
Búrkína Fasó	5
Filippseyjar.....	6
Indland.....	6
Kenía	8
Pakistan	9
Úganda	10
Innanlands	11
Uppgjör frá KPMG endurskoðun.....	12
Rekstrarreikningur ársins 2023	13
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	14

Frá framkvæmdastjóra

ABC barnahjálpar fagnaði 35 ára afmæli á árinu 2023.

Við höldum afmælisfagnað þar sem í boði var veislumatur, tónlistatriði og málverkaupboð.

Eitt eftirminnilegasta atriðið var leynigesturinn Diljá Pétursdóttir sem var nýkomin frá þátttöku á Eurovision hátíðinni.

Við höfum aldrei fengið eins margar góðar heimsóknir frá vettvangi eins og í fyrra. Í febrúar kom Asma Mustaq sem fer fyrir starfinu okkar í Lahore í Pakistan. Um mitt sumar komu tveir starfsmenn og einn stjórnarmaður frá starfinu okkar í Búrkína Fasó og í nóvember kom John Ngare sem leiðir starfið okkar í Kenía.

ABC barnahjálpar fékk tvo styrki frá Utanríkisráðuneytinu vegna þróunarverkefna í norður Úganda, annan vegna malaríudeildar og hinn vegna heimavista. Einnig fengum við kynningarstyrk frá Utanríkisráðuneytinu vegna útgáfu á afmælisblaði sem var dreift með Morgunblaðinu 5. október. Þar eru ýmsar áhugaverðar greinar.

Hjónin Guðný Jónasdóttir og Hinrik Þorsteinsson sem stofnuðu ABC skólann í Búrkína Fasó afhentu kyndilinn til hjónanna Jóhönnu Norðfjörð og Haraldar Pálssonar eftir eins og hálfis áratugar starf. Við stöndum í mikilli þakkarskuld við þau eftir þetta langa og fórnfúsa starf. Skólinn hefur vaxið ár frá ári og í dag stunda hátt í eitt þúsund börn nám við skólann, flest þeirra með stuðning í gegnum ABC barnahjálpar. Vöxturinn heldur áfram, núna er verið að byrja á stórri viðbyggingu við eitt skólahúsnæðið sem mun styrkja skólann enn frekar.

Við opnuðum nýtt útibú Nytjamarkaðarins við Laugaveg 118b í Reykjavík, gegnt Hlemmi í mars 2023 og viðtökurnar hafa verið framfarir vonum. Þar er ýmislegt spennandi að finna, hlutir sem vilja fá tilgang á nýju heimili. Einnig hefur gengið vel á Nytjamarkaðnum við Nýbýlaveg 6 þar sem við seljum allt milli himins og jarðar.

Við horfum björtum augum til framtíðarinnar, rétt eins og nemendurnir okkar sem eygja von um betri framtíð með góða menntun í farteskinu. Menntunin gefur þeim von um starf sem mun gefa þeim nægar tekjur til að framfleyta sér og sínum.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu stuðningsaðilum ABC barnahjálpar sem styðja við starfið á mismunandi hátt, með því að styðja barn til náms með mánaðarlegu framlagi, versla við Nytjamarkaðinn, eru sjálfboðaliðar hjá ABC eða styðja við starfið á ýmsan annan hátt. Allur stuðningur hjálpar okkur að veita börnunum góða menntun og von um góða framtíð.

Hjalti Skaale Glúmsson

Framkvæmdastjóri

Bangladesh

Í Bangladesh eru tæplega 500 börn sem fá stuðning frá ABC barnahjálpi til að stunda nám við skóla samtakanna Agape Social Concern. Öll börnin búa á heimavist við skólann. Mörgum stúlkum sem stunda nám við skólann hefur verið forðað þangað af foreldrum sínum til að koma í veg fyrir að þær neyðist til að gifta sig á barnsaldri. Menntun er besta lausnin fyrir öll börnin, til að losna úr viðjum fátæktar. Skólinn ræktar eigin ávexti og grænmeti auk, kjúklinga og fleira. Á þennan hátt hefur tekist að halda rekstrarkostnaðinum í lágmarki sem hefur meðal annars komið sér afar vel þegar matvælavæðing hefur rokið upp á síðustu árum.



Búrkína Fasó

Skólafárið í Búrkína Fasó blómstrar sem aldrei fyrr, þar sem ABC styrkir um 750 börn til náms.

Verkmenntaskólinn á Akureyri, Vodafone og fleiri gáfu skólanum okkar í Búrkína Fasó tölvur og annan tölvubúnað sem þau voru að skipta út. Adam Ásgeir Óskarsson, tölvunarfræðingur setti þær upp á viðeigandi hátt og við sendum tölvurnar síðan til Búrkína Fasó ásamt öðrum varningi með aðstoð breskra hjálparsamtaka, og Samskip gáfu okkur flutninginn til Bretlands og kunnum við þeim bestu þakki fyrir. Þegar tölvurnar voru komnar á leiðarenda mætti Adam á vettvang ásamt fleirum til að koma þeim fyrir í tölvuveri skólans, en það var sannarlega þörf á að uppfæra þá aðstöðu. Hægt er að horfa á myndbrot af þessu verkefni í Landanum á RÚV þann 21. apríl 2024.

Árið 2023 var þriðja árið sem nemendur frá okkur byrja nám í mismunandi háskólum eftir að hafa lokið stúdentsprófi í skólanum okkar. Markmið ABC er að gefa fátækum börnum góða menntun sem gefur þeim von um betri framtíð. Það er svo sérlega ánægjulegt að sjá nemendur sem fara í háskólanám til að og sækja sér menntun sem gefur þeim enn betri atvinnumöguleika. Háskólanemarnir fengu fartölvu að gjöf sem mun hjálpa þeim við að stunda námið. Tölvurnar voru hluti af gjöfinni sem er minnst á hér að ofan.

Tveir starfsmenn skólans og einn stjórnarmaður komu í heimsókn til Íslands um sumarið og tóku þátt í að kynna starfið og hvetja fleiri til að styrkja nemendurna til náms.

Við fórum svo í heimsókn til Búrkína Fasó í haust og hittum nemendurna, starfsmennina og stjórn skólans. Það er alltaf svo ánægjulegt að hitta börnin og sjá allt það góða starf sem fer fram í skólunum.

Guðný og Hinrik sem hafa rekið skólann frá upphafi hafa núna skilað keflinu til Jóhönnu og Haraldar. Við eigum ekki nógu sterk orð til að þakka þeim fyrir sitt fórnfúsa starf í þágu barnanna, en við erum svo innilega þakklát fyrir ykkur. Jóhanna og Haraldur eru búin að taka þátt í starfinu í mörg ár og við hlökkum til að vinna enn meira með þeim til að sjá framgang skólans halda áfram. Í fyrra var m.a. borað fyrir meira af vatni á ræktunarlandi fyrir skólann. Árið 2024 verður svo byrjað á stórrí nýbyggingu við eina skólabygginguna, en við fengum góðan styrk frá Utanríkisráðuneytinu sem gerir okkur kleift að fara í þá framkvæmd.



Filippseyjar

Skólstarfið á Filippseyjum er það fyrsta sem ABC barnahjálpi byrjaði að styrkja, árið 1990. Núna eru 550 börn sem stunda nám í gegnum starfið.

Börnin ganga í mismunandi skóla en CMP, samstarfsaðili okkar, heldur viðburði reglulega þar sem börnin hittast og kynna sér ýmislegt uppbyggjandi. Eitt af því sem er gert er að huga að andlegri líðan barnanna, en heimsfaraldurinn hafði neikvæð áhrif á líðan margra þeirra og þess vegna sérlega mikilvægt að bregðast við með fræðslu og annarri uppbyggingu.

Eins og í öðrum skólum okkar fá börnin þá heilsugæslu sem þau þurfa, á mynd hér fyrir neðan má sjá mynd frá tannlæknaheimsókn.

Foreldrar barnanna hjálpa til við ýmis verkefni, en á þann hátt fá þeir tækifæri til að leggja sitt af mörkum. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir hjá þeim.

Nemendur okkar á Filippseyjum hafa í mörg ár átt kost á því að fara í háskólanám að loknu stúdentsprófi og það gleður okkur alltaf sérlega mikið að sjá börn útskrifast úr háskóla og eignast gott tækifæri til að fá góða atvinnu. Útskriftarnemarnir eru síðan hvattir til að styðja ungt fátækt barn til náms og á þann hátt gefa þannig fleiri einstaklingum von um betri framtíð.



Indland

Við höfum styrkt mismunandi skóla á Indlandi í mörg ár. Á síðasta ári stunduðu rúmlega hundrað börn við skólann sem við höfum styrkt í Chennai. Meðfylgjandi eru myndir sem starfsmenn okkar tóku í lok árs 2022 í síðustu heimsókn okkar þangað. Nú er komið að leiðarlokum og við þökkum fyrir samstarfið við The Comforter, samstarfsaðila okkar þar.



Kenía

Rúmlega tvö hundruð börn stunda nám á vegnum MCE, samstarfsaðila okkar í Naíróbí í Kenía. Um helmingur barnanna er á heimavist en hin búa heima hjá sér í einu stærsta fátækrahverfi borgarinnar.

Á heimavistinni er jafnframt námsaðstaða fyrir alla nemendurna, sem þau nýta vel. Ýmsir sérvíðburðir eru haldnir, m.a. listavika og íþróttamót.

John Ngare, framkvæmdastjóri MCE, kom í heimsókn til Íslands í nóvember. Hann hélt meðal annars kynningar fyrir nemendur í Menntaskólanum á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands á Neskaupsstað. Hann kynnti sér einnig búskap á þremur býlum í Árnassýslu og Rangárvallasýslu sem mun nýtast starfinu vel þar sem MCE eru með matvælaræktun og hænur og áform eru um að kaupa land til að auka við ræktunina. Með því er stefnt að því að skólinn verði sjálfbær með matvæli, annars vegar með framleiðslu fyrir eigin notkun og svo er áætlað að það sem framleitt er umfram eigin notkun verði selt og dugi fyrir innkaupum á þeim matvælum sem þau þurfa en geta ekki framleitt sjálf.



Pakistan

ABC styrkir tvo skóla í Pakistan. Við höfum í nokkur ár verið í samvinnu við Rasta Foundation sem rekur grunnskóla fyrir um 270 börn sem eru þrælur ásamt foreldrum sínum í múrsteinaverksmiðjum. Með menntun eygja börnin von um að losna úr þrældómnum og betri framtíð. Við höfum svo í tvö ár styrkt nýjan skóla í sama héraði fyrir rúmlega 50 börn sem búa við sambærilegar aðstæður og börnin í Rasta skólanum. Við heimsóttum báða skólana árið 2022 og það er svo ánægjulegt að sjá gleðina í augum barnanna. Þótt aðstæður þeirra séu skelfilegar þá leggja þau hart að sér í náminu, enda er menntun möguleiki þeirra til betra lífs.

Asma Mustaq sem leiðir nýja skólastarfið okkar í landinu heimsótti okkur í byrjun árs 2023 og átti góða fundi með stjórninni og stuðningsaðilum.

ABC fékk styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að aðstoða Rasta Foundation við að opna klæðskeraskóla fyrir ungar konur. Skólinn var opnaður um haustið og þar stunda tíu ungar konur námið sem mun gefa þeim tækifæri til að losna úr þeirri fátækt sem annars bíður þeirra.



Úganda

Í Úganda erum við með skólastarf á tveimur stöðum, annars vegar í höfuðborginni Kampala og hins vegar í Rackoko, litlu þorpi í norður Úganda. Skólarnir í höfuðborginni verða sífellt vinsælli vegna góðs árangurs og mikil uppbygging hefur átt sér stað í Rackoko, bæði í skólanum sjálfum og einnig í tengdum verkefnum.

Árið 2022 opnaði heilsugæsla og kvennadeild í húsnæði á skólalóðinni í Rackoko, en við fengum styrk frá Utanríkisráðuneytinu til verkefnisins. Árið 2023 fengum við tvo styrki frá ráðuneytinu, annan til að opna malaríudeild við sjúkrahúsið og hinn til að útbúa tvær heimavistir fyrir nemendur skólans.



Innanlands

Stuðningsaðilar ABC barnahjálpar eru þeir sem halda starfinu upp fjárhagslega. Um 3000 stuðningsaðilar greiða fyrir menntun fátækra barna, sem kostar almennt kr. 3.800 á mánuði, nema hvað kostnaðurinn fyrir nemendur sem eru á heimavist er kr. 5.800. Innifalið í gjaldinu eru skólagjöld, skólabúningur, dagleg máltíð og heilsugæsla. ABC barnahjálpar er á almannaheillaskrá og þess vegna njóta stuðningsaðilar okkar skattafrádráttar þegar þeir styðja við menntun barnanna.

Nytjamarkaðurinn er afar mikilvægur fyrir okkur til að afla rekstrarfjár og styrkja til vettvangs. Við opnuðum nýtt útibú Nytjamarkaðarins á Laugavegi 118b gegnt Hlemmi, í mars 2023. Við þökkum fyrir góðar viðtökur viðskiptavina okkar á Laugaveginum og eins er ánægjulegt hversu margir versla við okkur á Nytjamarkaðnum við Nýbýlaveg 6. Við þökkum þeim fjölmörgu sem koma með vörur til okkar sem eru ekki lengur notaðar. Þessar vörur koma iðulega að góðum notum hjá nýjum eigendum og saman minnkum við sóun á þennan hátt.

Við höldum 35 ára afmælishátíð ABC barnahjálpar á árinu og söfnuðum þannig fjármunum fyrir kaupum á tölum og fleiru fyrir nemendur okkar í Pakistan.

Þann 5. október gáfum við út kynningarblað í tilefni af 35 ára afmælinu og var því dreift með Morgunblaðinu í aldreifingu þann 5. október. Þar er að finna áhugaverðar greinar um starfið.



Uppgjör frá KPMG endurskoðun

ABC barnahjálpar er íslenskt hjálparstarf, stofnað 1988. Starfið snýst um að gefa fátækum börnum tækifæri til menntunar með því að koma á fót leik-, grunn- og framhaldsskólum þar sem þörf er á ásamt því að styrkja börn til náms, sinna heilbrigðismálum, fullorðinsfræðslu, bættri afkomu og neyðarhjálp þegar aðstæður krefjast. Starfsemi ABC barnahjálpar var með svipuðu sniði árið 2023 og undanfarin ár, félagið byggir afkomu sína á gjöfum, áheitum, söfnunarfé, öðrum framlögum og styrkjum ásamt því að starfrækja nytjamarkað.

Rekstrartekjur ársins námu 305,4 millj. kr. samanborið við 279,5 millj. kr. á árinu 2022. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 166,7 millj. kr. miðað við 161,3 millj. kr. á árinu áður. Tekjur umfram gjöld námu 6,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi, Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 41,0 millj. kr. í árslok 2023. Heildareignir námu í árslok 45,5 millj. kr.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2023, rekstrarafkomu ABC barnahjálpar og breytingu á handbæru fé árið 2023.

Stjórn ABC barnahjálpar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. maí 2024

Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. maí 2024

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2023

Rekstrartekjur

Gjafir og áheit	137.522.984
Vörusala nytjamarkaðar	98.169.777
Önnur framlög og styrkir	69.681.621
	<hr/>
	305.374.382

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	73.963.163
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	166.711.786
Annar rekstrarkostnaður	59.511.249
Afskriftir	941.383
	<hr/>
	301.127.581

Rekstrarafkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda 4.246.801

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur	1.761.216
Vaxtagjöld	101.677
Gengismunur	-141.765
	<hr/>
	1.721.128

Tekjur umfram gjöld

 5.967.929

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	
Hugbúnaður	2.358.791
Bifreið	244.936
Fastafjármunir samtals	<u>2.603.727</u>
Viðskiptakröfur	7.696.165
Fyrirframgreiddur kostnaður	796.736
Handbært fé	34.358.054
Veltufjármunir samtals	<u>42.850.955</u>
Eignir samtals	45.454.682
Eigið fé	
Óráðstafað eigið fé	41.029.592
Eigið fé samtals	<u>41.029.592</u>
Skammtímaskuldir	
Viðskiptaskuldir	1.626.965
Ógreidd launatengd gjöld	2.798.125
Skuldir samtals	<u>4.425.090</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>45.454.682</u></u>

Takk fyrir okkur

